

# Rannsókn á tengslum kynferðis og aldurs dómara og lögmannna við úrslit dómsmála í héraði

**Valgerður Sólnes**, dósent, Lagadeild Háskóla Íslands

**Guðbjörg Linda Rafnsdóttir**, prófessor, Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild Háskóla Íslands

**Benedikt Bogason**, prófessor, Lagadeild Háskóla Íslands

**Kjartan Vífill Iversen**, rannsóknamaður, Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

## Útdráttur

Hér á landi hefur ekki verið rannsakað hvort og þá hvaða tengsl séu á milli kynferðis og aldurs dómara og málflytjenda annars vegar og niðurstaðna dómsúrlausna hins vegar. Rannsóknin, sem er þverfræðileg á sviði félagsfræði og lögfræði, laut að því að greina upplýsingar um kynferði og aldur dómara og málflytjenda í þeim dómsúrlausnum í einkamálum, sem kærðar hafa verið eða áfrýjað til Hæstaréttar og Landsréttar, á tíu ára tímabili. Rannsakað var hvort tengsl væru á milli þessara þátta og úrslita dómsmálanna. Rannsóknin gefur til kynna að kyn lögmannna hafi þýðingu, óháð kyni dómara, og að kvenkyns málflytjendur til sóknar og varnar auki líkur á að mál falli umbjóðendum þeirra í vil. Aldur dómara virðist jafnframt hafa þýðingu fyrir úrslit mála þannig að eldri dómara (50 ára og eldri) séu líklegri til að dæma varnaraðila í vil, óháð öðrum þáttum. Enga samvirkni á milli kyns dómara og lögmannna má á hinn bóginn finna í gögnunum sem rannsökuð voru. Það er von okkar að rannsóknarniðurstöðurnar gagnist umræðunni um starfsemi dómstóla og jafnrétti og hvetji til frekari rannsókna á því sviði.

**Efnisorð:** Aldur; dómara; dómstólar; kynferði; lögmennt.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 18, Issue 1 (95-118)

© 2022 Contact: Valgerður Sólnes, vas@hi.is

Article first published online June 23rd 2022 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 1. tbl. 18. árg. 2022 (95-118) Fræðigreinar

© 2022 Tengiliður: Valgerður Sólnes, vas@hi.is

Vefbirting 23. júní 2022 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2022.18.1.5>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

## Gender and Age Biases in District Court Rulings

### Abstract

A research on whether there is a link between gender and age on the one hand, and judicial outcomes on the other, has never before been conducted in an Icelandic setting. This paper communicates research findings, following an interdisciplinary investigation (within the fields of law and sociology) which involved the collection of data on gender and age of judges and attorneys (litigators) in court findings at the first instance (héraðsdómur) in civil cases over a period of ten years, that were appealed to the Icelandic Supreme Court (Hæstiréttur) and the Icelandic Court of Appeals (Landsréttur). The research examined if these factors could be linked with the outcome of the court cases at first instance. The research findings indicate that the gender of attorneys matters, regardless of the gender of judges, and that a female litigant for the plaintiff and the defendant increases the likelihood that the case outcome is in the interest of the litigant's respective client. The age of judges is apparently also relevant for case outcomes, to the effect that older judges (50 years and older) are more likely to find in favor of the defendant, independent of other factors. Alternatively, no significant interaction effect could be detected in the collected data, with regard to the gender of judges and attorneys. It is our hope that the results will benefit the debate on equality within the courts and encourage further research in this area.

**Keywords:** Age; attorneys; courts; gender; judges.

### Inngangur<sup>1</sup>

Á síðustu árum hafa sjónarmið um jafnrétti kynjanna við skipun í dómaraembætti hér á landi komist í kastljós fjölmiðla (sjá t.d. Arnhildur Hálfánardóttir 2015; Helgi Seljan 2015) og rannsakenda (Brynhildur G. Flóvenz 2016; Daði Heiðar Kristinsson 2016; Inga Valgerður Stefánsdóttir & Oddný Mjöll Arnardóttir 2016; Skúli Magnússon 2016; Daði Heiðar Kristinsson 2018). Sérstaka athygli vakti skipun 15 dómara í nýja millidómstólinn Landsrétt, þar sem dómsmálaráðherra og Alþingi viku frá dómnefndarálitum og skipuðu umsækjendur í embætti dómstóla, m.a. að sögn ráðherra á grundvelli sjónarmiða um jafnrétti kynjanna.<sup>2</sup>

Það hvort ójafnt hlutfall kynjanna hjá dómstólum skipti máli fyrir ásýnd og niðurstöður dómsúrlausna hefur lítið verið rannsakað hér á landi og erlendis. Sama gildir um aldur dómara og lögmanna. Þær erlendu rannsóknir sem gerðar hafa verið fjalla að mestu um áfrýjunardómstóla, meðan rannsóknir á úrlausnum héraðsdóms á fyrsta dómstigi, eins og gert er í þeirri rannsókn sem kynnt er í þessari grein, eru enn fágætar.

Ísland er jafnan talið hafa náð ágætum árangri á sviði jafnréttismála í samanburði við önnur ríki heims. Þannig mældist Ísland árið 2020 efst á lista Alþjóðaeftirlitsráðsins um kynjabil, 12. árið í röð, samkvæmt skýrslu samtakanna 2021 (World Economic Forum 2021) og á matslista tímaritsins The Economist árið 2020 (The Economist 2020). Þorgerður Einarsdóttir (2020) bendir þó á að þrátt fyrir að Ísland mælist fremst þjóða á

kynjabilskvarðanum þá skorti enn á fullkominn kynjajöfnuð hér á landi í mikilvægum málaflokkum, svo sem launajafnrétti, og að ýmsa veikleika sé að finna í mælingum efnahagsráðsins.

Þessi grein skoðar stöðu kvenna meðal dómara og lögmanna hér á landi, ekki eingöngu hvað snertir hlutfall á hinum ýmsu dómstigum, heldur og hvort máli skipti fyrir úrslit dómsmála hvers kyns dómara og málflytjendur eru. Meginmarkmið rannsóknarinnar sem hér er kynnt er því að skoða hvort og þá hvaða *tengsl* eru á milli *kynferðis og aldurs dómara og málflytjenda* annars vegar og *úrslita dómsmála* hins vegar. Rannsóknin svarar því ekki *af hverju* kyn og aldur kunni að hafa tengsl við úrslit dómsmála.

Rannsakaðar voru dómsúrlausnir í einkamálum sem kærðar hafa verið eða áfrýjað til Hæstaréttar og Landsréttar, á tíu ára tímabili. Rannsókninni er þar með beint að stétt lögfræðinga og dómstólunum sem slíkum, en ekki þeim einstaklingum og lögaðilum sem bera mál sín undir dómstóla. Í ljósi þess að færri konur hafa gegnt störfum dómara og lögmanna og að enn hallar á konur í lögmennsku er mikilvægt að rannsaka tengsl kynferðis og dómsúrlausna. Það að tengsl aldurs og dómsúrlausna séu skoðuð helgast m.a. af því að rannsókn Manning o.fl. (2004) sýnir að aldur kunni að hafa áhrif á dómstörf þeirra (Manning o.fl. 2004, 15).

Þegar rétt er um lögmenn í samhengi rannsóknarinnar er átt við lögmenn sem flytja þau dómsmál í héraði sem rannsökuð voru. Í greininni er jöfnum höndum skírskotað til þeirra sem lögmanna eða málflytjenda. Þar sem gögnin gefa einungis tækifæri til flokkunarinnar karl og kona er stuðst við hugtakið kyn í þrengri merkingu en þeirri sem tilgreind er í 2. tölul. 2. gr. laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði, þar sem segir að kyn (kynverund) sé safnhugtak sem nái m.a. yfir kyneinkenni, kyngervi, kynvitund og kyntjáningu, og 3. málslíð 1. gr. laga nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna þar sem miðað er við að kyn taki til kvenna, karla og fólks með hlutlausa skráningu kyns í þjóðskrá. Höfundar líta hins vegar á félagslegt kyn (e. gender) sem hluta af valdakerfi samfélagsins og ályktanir sem dregnar eru á grundvelli geinarinnar endurspeglar það fremur en líffræðilegt kyn og eðlishyggi.

Um er að ræða þverfræðilega rannsókn á sviði lögfræði og félagsfræði (Christensen & Madsen 2021, 117-135). Ekki er því um dæmigerða lögfræðirannsókn að ræða, en í flestum slíkum rannsóknum hér á landi, á hinum Norðurlöndunum, í Evrópu og víðar er hefðbundinni dogmatískri rannsóknaraðferð beitt í því skyni að varpa ljósi á gildandi rétt (Valgerður Sólnes 2021, 293-294). Þessi leið var farin hér því dogmatísk aðferð er ekki til þess fallin að lýsa því hvernig rétturinn og samfélagið hafa áhrif hvort á annað (Christensen & Madsen 2021, 117). Bent hefur verið á hvernig réttarframkvæmd á borð við dómsúrlausnir getur verið undir áhrifum frá samfélaginu og eftir atvikum talist til samfélagslegrar afurðar í viðtækara samhengi (Christen & Madsen 2021, 118-119). Í rannsókninni var stuðst við megindlega rannsóknaraðferð félagsfræði, þar sem gagnasafn (dómasafn dómstóla) var notað til að greina starfsemi dómstólanna, en þessi rannsóknaraðferð krefst eðli máls samkvæmt haldbærrar þekkingar á tölfræði (Christensen & Madsen 2021, 126). Nánar tiltekið var beitt svonefndu Kí-kvaðrat prófi (e. chi-square) og línulegu líkindamódeli (e. linear probability model), til að vinna þá tölfræði-

legu greiningu sem gerð var á upplýsingunum sem safnað var. Þrjú samvirknisambönd eru prófuð í rannsókninni. Það fyrsta snýr að því hvort einhver blanda af kyni dómara og málflytjanda varnaraðila hafi marktæk áhrif á líkur þess að niðurstaða í héraði falli varnaraðila í hag, að hluta eða í heild. Annað samvirknisambandið snýr að því hvort einhver blanda af kyni dómara og kyni málflytjanda sóknaraðila hafi marktæk áhrif á líkur þess að niðurstaða í héraði falli varnaraðila í hag, að hluta eða í heild. Þessum samböndum er ætlað að kanna hvort t.d. konur dæmi frekar konum í vil, eða öfugt, og það sama á við um karlkyns dómara og allar mögulegar blöndur af kynjum dómara og málflytjanda. Þriðja samvirknisambandinu er ætlað að kanna hvort einhver aldursblanda dómara, yngri eða eldri, og kyn þeirra (karl eða kona) hafi marktæk áhrif á líkur þess að niðurstaða í héraði falli varnaraðila í hag, að hluta eða í heild.

Áður en fjallað er um söfnun og greiningu gagna og niðurstöður rannsóknarinnar verður gerð grein fyrir stöðu þekkingar á sviði rannsóknarinnar.

## 1. Dómarar, lögmenn og staða þekkingar

### 1.1 Staða dómara og lögmanna

Alkunna er að konur hafa undir lok 20. aldar og í byrjun 21. aldar í auknum mæli sóst eftir menntun og störfum í starfsstétt lögfræðinga, sem áður einskorðaðist því sem næst við karla, og t.d. er nokkuð um liðið síðan konur tóku fram úr körlum í fjölda nemenda í laganámi við Háskóla Íslands (Erla Hulda Halldórsdóttir 2004, 68). Til glöggvunar er rétt að líta til upplýsinga um kynferði og fjölda úrskrifaðra lögfræðinga, lögmanna og dómara hér á landi undir lok þess tímabils sem rannsóknin tók til, ársins 2019. Það ár útskrifuðust 127 nemendur með *meistaragráðu í lögfræði* frá íslenskum háskólum samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands, þar af 76 konur og 51 karl (Hagstofa Íslands 2021). Konur voru þannig 60% brautskráðra nemenda með meistarapróf í lögfræði það ár.

Á hinn bóginn hefur konum ekki fjölgað jafn hratt meðal starfandi lögmanna og fulltrúa á lögmennastofum (Lögmennafélag Íslands 2018, 27, 52-53). Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum má veita þeim sem m.a. hafa lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraprófi við lagadeild háskóla, sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla, og staðist prófraun samkvæmt lögum nr. 77/1998 um lögmenn. Konur í Lögmennafélagi Íslands voru í maí 2019 30,6% félagsmanna (Ingimar Ingimarsson 2019, 29), en þær voru 15,1% um aldamótin síðustu (Ingimar Ingimarsson 2021, 10). Hlutfall sjálfstætt starfandi kvenna nam 36% og 23% þeirra störfuðu sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmanna (Ingimar Ingimarsson 2019, 30). Nánari skipting hópsins í maí 2019 eftir aldurshópum liggur ekki fyrir en þegar rýnt hefur verið í upplýsingar um félagsmenn Lögmennafélags Íslands á öðrum tímapunktum hefur komið fram að þegar hópurinn yngri en 50 ára sé skoðaður hafi miklum mun fleiri karlar en konur verið starfandi lögmenn eða fulltrúar á lögmennastofum en munurinn á milli kynja almennt verið minni í aldurshópnum 50 ára og eldri (Ingimar Ingimarsson 2018, 10-11; Ingimar Ingimarsson 2021, 10-11; Ingimar Ingimarsson 2022, 10). Frá því núverandi fyrirkomulag réttindaöflunar tók gildi árið 2000 munu konur hafa verið 46,6% þeirra sem sótt hafa námskeið til öflunar málflutningsréttinda (Ingimar Ingimarsson 2018, 10-11).

Hvað *dómurum* viðvíkur, er þess fyrst að gæta að samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla þarf sá sem gegnir embætti landréttardómara eða hæstaréttardómara að hafa náð 35 ára aldri. Þá var 30 ára aldursskilyrði vegna embættis héraðsdómara ekki fellt brott fyrr en 2021, sbr. 10. gr. laga nr. 50/2021, og áfram er áskilið að héraðsdómari skuli hafa lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraþrófi í lögum. Lögfræðingar hafa því hingað til fyrst átt þess kost að verða skipaðir héraðsdómarar á fertugsaldri. Árið 2019 voru 42 karlar og 23 konur dómarar samkvæmt upplýsingum í ársskýrslu dómstólasýslunnar, Hæstaréttar, Landsréttar og héraðsdómstólanna. Þar af voru í Hæstarétti sjö karlar og ein kona, í Landsrétti átta karlar og sjö konur og hjá héraðsdómstólunum 27 karlar og 15 konur dómarar (Ársskýrsla dómstólasýslunnar, Hæstaréttar, Landsréttar & héraðsdómstólanna 2019, 16; Jafnrétti 2020, 82-83). Á þessu var gerð bragarbót árið 2020 með skipun tveggja kvenna í dómaraembætti við Hæstarétt, en eftir það sátu í Hæstarétti þrjár konur og fjórir karlar (Ársskýrsla dómstólasýslunnar, Hæstaréttar, Landsréttar & héraðsdómstólanna 2019, 16). Konur voru þannig 35% allra skipaðra dómara árið 2019, en til samanburðar má benda á að árið 2016 voru konur að meðaltali 50% dómara í OECD-ríkjunum konur, allt frá 77% í Lettlandi og niður í 20% í Mexíkó (OECD 2019, 92).

## 1.2 Staða þekkingar

Þótt ein af forsendum réttarríkisins sé að unnt sé að komast að niðurstöðu um lög án mats eða geðþótta og að niðurstöður dómastarfa ráðist af hlutlægum og fyrirsjáanlegum viðmiðum, þá bendir Skúli Magnússon (2016) á að dómstörf séu í eðli sínu matskennd. Skúli heldur því fram að gildismat dómans hljóti því að skipta máli og að líffræðilegt kyn sé eitt af þeim atriðum sem geti haft áhrif á viðhorf dómara, „a.m.k. þegar kemur að ákveðnum atriðum“ (Skúli Magnússon 2016, 131). Fleiri taka í þann streng og benda á mikilvægi þess að rannsaka hvort kynferði skipti máli við skipun og störf dómara hér á landi (Brynhildur G. Flóvenz 2016; Daði Heiðar Kristinsson, 2016) og hvort önnur málefnaleg sjónarmið en að konur kunni að dæma á annan hátt en karlar, sýni að jafna beri kynjahlutföllin í dómstólum landsins (Inga Valgerður Stefánsdóttir & Oddný Mjöll Arnardóttir 2016). Í því samhengi má benda á sjónarmið Føllesdal (2021) um að til þess að alþjóðlegur dómstóll eins og Mannréttindadómstóll Evrópu geti talist lögmætur, þurfi karlar og konur að koma til jafns að dómstörfum (Føllesdal 2021, 1). Føllesdal vísar þar til ásýndar, fremur en að víst sé að kynin starfi ólíkt. Þótt rannsóknarniðurstöður séu ekki einhlítar, þá sýnir meirihluti þeirra sem fjalla um samanburð á dómsúrlausnum kvenkyns og karlkyns dómara að hlutfall kvenna sé ekki einungis ásýndarmál, heldur geti það haft áhrif á það hvernig konur dæmi (Songer & Crews-Meyer 2000; McCall 2003; Martin & Pyle 2004; Manning & Robert 2005; Peresie 2005; McCall 2007; McCall & McCall 2007; Collins o.fl. 2010; Johnson o.fl. 2011; Moyer 2013; Scheurer 2014; Gill o.fl. 2015; Skiple o.fl. 2016). Johnson o.fl. (2011) komust t.d. að þeirri niðurstöðu að dómsúrlausnir kvenkyns dómara í efnahagsmálum af einkaréttarlegum toga bæru vott um vinstriinnæðri viðhorf en karlkyns dómara, þótt empirísk rannsókn Boyd o.fl. (2010) hafi ýtt undir óvissu um orsakatengsl á milli kynferðis dómara og ákvarðanatöku þeirra við úrlausn dómsmála. Það að hlutfall kvendómara kunni að vera meira en ásýndarmál kemur síðan

heim og saman við rannsókn Torchia o.fl. (2011) á fjölda kvenna í stjórnnum norskra fyrirtækja sem sýnir að konur valdeflast ef þær eru að lágmarki þrjár saman í stjórn, oft með þeim afleiðingum að þær beiti sér á annan hátt en karlar. Engu að síður bendir nýleg rannsókn Dobija o.fl. (2021), sem fjallar um áhrif kvenna í stjórnnum pólskra fyrirtækja, á að sjónarmið kvenna geti fengið áheyrn í stjórnnum þótt þær nái ekki „kritiskskum fjölda“ svo fremi að þær hafi sterka stöðu innan stjórnarinnar, t.d. sem stjórnarformenn.

Viðamikil rannsókn, sem fjallaði þó ekki sérstaklega um hlutfall kvenna heldur um kynjamun í dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu, var nýverið gerð með vefleit (e. web scrape) af öllum birtum ákvörðunum og dómum dómstólsins þar sem yfir 46.000 úrlausnir voru greindar (Voeten 2020, 9-12).<sup>3</sup> Rannsóknin beindist einkum að því að skoða hvort kvenkyns og karlkyns dómarar kæmst að ólíkum niðurstöðum þegar kæmi að úrlausn mála. Niðurstöðurnar sýndu að sú væri raunin í málum sem vörðuðu vernd eignarréttar óháð kyni kæranda, í málum sem vörðuðu mismunun á grundvelli 14. gr. mannréttinasáttmála Evrópu þar sem kærandi væri kvenkyns, svo og í málum þar sem komist var að niðurstöðu um að brotið hefði verið gegn mannréttinasáttmálanum óháð kyni kæranda (Voeten 2020, 4, 24-25). Nánar tiltekið voru kvendómararnir við þessar aðstæður líklegri til að dæma kærendum í vil (Voeten 2020, 20-24). Mikilvægt er að rannsaka þetta frekar því niðurstöðurnar eru þó ekki allar á einn veg. Rannsókn Songer og Johnsson (2007) á kanadíska réttarkerfinu sýnir t.d. að dómarar kunni að dæma frekar þeim aðilum í hag sem tilheyri sama hópi og þeir sjálfir. Þá sýna nýlegar fjölþjóðlegar rannsóknir, svo sem kanadískar (Johnson & Songer 2009), bandarískar (Phillips & Carter 2010; Scheurer 2014) og norskar (Skiplé o.fl. 2016), að kvendómarar virðist almennt líklegri til að dæma þeim í vil sem fari fyrir málstaðnum óháð kyni þegar um einkamál sé að ræða. Tölfræðigreining Phillips og Carter á samskiptum og samspili milli dómara og málflytjenda við munnlegan málflytning fyrir Hæstarétti Bandaríkjanna (e. U.S. Supreme Court) leiddi t.d. í ljós að það að dómari og málflytjandi væru af sama kyni hefði nokkur tengsl við dómstörf a.m.k. hluta réttarins, svo og að hugmyndafræði hefði tengsl við þetta kynjamynstur (Phillips & Carter 2010, 613, 643-644). Það stangast þó á við bandaríska rannsókn á dómsúrlausnum Hæstaréttar Bandaríkjanna sem sýnir það gagnstæða (Scheurer 2012, 294, 311). Rannsóknir Scheurer frá árunum 2012 og 2014 sýna í fljótu bragði gagnstæðar niðurstöður og fjalla um ólík dómstig og mála-flokka. Nýrri rannsóknin (2014) snýr að alríkismillidómstiginu (e. U.S. Court of Appeals) og sýnir að kvendómarar voru líklegri til að dæma á frjálslýndan hátt í málum varðandi borgaraleg réttindi og efnahagsmál, að því gefnu að til staðar væri það hátt hlutfall kvendómara að þær næðu að mynda svokallaðan „kritiskskum fjölda“ (e. critical mass). Með frjálslýndri úrlausn var í tilvik borgaralegra réttinda átt við dómsúrlausn hagfellda þeim sem hélt slíkum réttindum sínum til streitu og í tilvik efnahagsmála var átt við úrlausnir sem tóku til greina skattkröfu hins opinbera, kröfu um brot á einkaleyfi eða höfundarétti, kröfu um tjón, og kröfu í þágu þess sem lakari stöðu hefur í samsningssambandi um efnahagsmál (e. economic underdog). Rannsókn Scheurer frá árinu 2012 snýr hins vegar eins og áður kemur fram að Hæstarétti Bandaríkjanna og sýnir að kynferði dómara hafa ekki áhrif á hvernig dómarnir greiddu atkvæði í einkamálum. Rannsóknin sýndi

engu að síður að kvendómarar voru frjálslyndari en karlkyns dómarar við úrlausn mála sem snérust um mál varðandi mismunun á grundvelli kynferðis, barneignir (e. reproductive rights) og efnahagsmál. Þá leiddi rannsókn Collins o.fl. (2010, 260, 274-275) ekki í ljós kynbundinn mun á dómsúrlausnum bandarískra alríkisdómstóla á fyrsta dómstigi (e. U.S. federal district courts) í málum sem vörðuðu vinnurétt og efnahagslöggjöf. Slíkum mun var á hinn bóginn fyrir að fara í refsímálum og málum um borgaraleg réttindi og voru kvendómarar þá líklegri til að dæma á frjálslyndan hátt (e. liberal decision) en karldómararnir. Hér er við það miðað að í refsímálum sé frjálslynd úrlausn sakborningi í hag en íhaldssöm úrlausn hagfelld ákærvaldinu. Þá séu frjálslyndar úrlausnir í málum um borgaraleg réttindi þeim í hag sem gerir kröfu um slík réttindi svo og þeim sem gerir kröfu um ríka vernd t.d. á grundvelli tjáningarfrelsis, trúfrelsis og réttarins til friðhelgis einkalífs, öndvert við íhaldssamar úrlausnir (Collins o.fl. 2010, 266).

Áður nefndar rannsóknir fjalla aðallega um æðri dómstig, ýmist millidómstig eða æðsta dómstigið. Aðeins tvær þeirra beindu sjónum að fyrsta dómstiginu, eins og okkar rannsókn gerir. Önnur varðaði aldur dómara (Manning o.fl. 2004) og hin kynferði þeirra (Collins o.fl. 2010).

Ein íslensk rannsókn hefur verið gerð á mögulegum kynjamynstrum í störfum héraðsdómara. Daði Heiðar Kristinsson (2018) tók viðtöl við 18 héraðsdómara á tímabilinu 2016–2017 til að kanna viðhorf þeirra til þess hvort til staðar væri kynjamunur í störfum héraðsdómara. Niðurstöðurnar bentu ekki einungis til þess að sumir kvendómararnir upplifðu réttarkerfið sem „karllægt“ og að þær fengju ákveðið „viðmót“ sem konur (Daði Heiðar Kristinsson 2018, 111), heldur einnig að kvendómarar væru líklegri en karldómarar til að sýna samkennd með málsaðilum. Það kemur mögulega heim og saman við að þær voru líklegri en karlarnir til að telja samskipti mikilvæg í starfi sínu, þótt slík samskipti væru oft erfið. Þá voru þær líklegri til að beita heildrænni nálgun við úrlausn dómsmála, þar sem lítið er til samhengis mála og aðstæðna. Það kveður við annan tón í grein Maríu Rúnar Bjarnadóttur (2020), sem byggir á viðtölum við þrjá íslenska kvendómara sem birst höfðu opinberlega, þar sem sú ályktun var dregin að jafnara hlutfall kven- og karldómara hefði fremur þýðingu fyrir ásýnd réttarins í samfélaginu, en niðurstöður dómsmálanna.

*Aldur* dómara hefur ekki mikið verið rannsakaður. Í rannsókn Manning o.fl. (2004, 1) var til athugunar hvort tengsl væru á milli aldurs dómara og niðurstaðna í dómsmálum á fyrsta dómstigi fyrir bandarískum alríkisdómstólum (e. U.S. federal district courts) í málum um mismunun á grundvelli aldurs. Rannsóknin sýndi að dómarar yngri en 45 ára dæmdu síður þeim í hag þeim sem báru við mismunun á grundvelli aldurs, öndvert við það sem átti við um elstu dómara (65 ára og eldri) (Manning o.fl. 2004, 5-6, 15).

Meðal kenninga sem notaðar hafa verið til að útskýra kynjamun í dómaframkvæmd er svokölluð markfjöldakenning (e. critical mass theory). Sú kenning hefur í áratugi verið notuð til að fjalla um pólitíska stöðu kvenna á þjóðþingum og í sveitarstjórnnum (Dahlerup 1988) og um stöðu kvenna í dómskerfinu (Kanter 1977a; 1977b). Megináhersla kenningarinnar er sú að þegar minnihlutahópur (hér kvendómarar) nái ákveðnu hlutfalli innan stærri hóps, t.d. 15-25% eða a.m.k. þremur einstaklingum þá breytist samskipti

innan hópsins þar sem minnihlutinn valdeflist og komi sínum sjónarmiðum sterkar á framfæri en ella. Kenningin um vitundarvakningu (e. consciousness-raising) vísar hins vegar til þess að seta kvendómara í fjölskipuðum dómi og jafnvel skipun þeirra við dómstól valdi því að karldómarar taki að dæma á annan veg en fyrr og líkar því sem kvendómarar geri. Þannig verði um smitáhrif að ræða (Bartlett 1990, 863-867). Til eru rannsóknir sem sýna einmitt þessi smitáhrif sem verða til þess að karlar dæmi líkar því sem algengara er hjá kvendómurum (sjá t.d. Gryski o.fl. 1986; McCall 2007; Boyd o.fl. 2010; Moyer & Tankersley 2012; Moyer 2013; Gill o.fl. 2015; Songer o.fl. 2016).

Sú íslenska rannsókn sem hér er kynnt er sú fyrsta sem skoðar með kerfisbundnum hætti hvort og þá hvaða tengsl kunni að vera á milli kynferðis og aldurs dómara og málflytjenda annars vegar og niðurstaðna dómsmála hins vegar. Upplýsingum var safnað um kynferði og aldur dómara og málflytjenda í þeim dómsúrlausnum einkamála sem kærðar hafa verið eða áfrýjað til Hæstaréttar og Landsréttar, á tíu ára tímabili. Sá grundvallar-munur er á áður nefndum rannsóknum og þeirri sem hér er kynnt, er að þær fyrrgreindu varða allar, utan einnar (Phillips & Carter 2009), dómara og málsaðila, en ekki dómara og málflytjendur. Hér er leitast við að varpa ljósi á hvort tölfræðilega marktæk tengsl séu á milli aldurs og kynferðis dómara og málflytjenda og úrslita dómsmála.

## 2. Söfnun og greining gagna

### 2.1 Söfnun og textagreinin gagna úr dómsúrlausnum í héraði

Rannsóknin tekur til úrlausna héraðsdóms í einkamálum á tímabilinu 1. janúar 2010 til 31. desember 2019 sem kærðar voru og áfrýjað til Hæstaréttar, svo og úrlausna héraðsdóms á tímabilinu 1. janúar 2018 til 31. desember 2019 sem kærðar voru og áfrýjað til Landsréttar. Alls voru þetta 4.198 dómsúrlausnir. Að textagreiningu frágenginni reyndust aðeins 2.097 dómsúrlausnir tækar til frekari úrvinnslu í rannsókninni en aðrar úrlausnir voru ótækar til tölfræðilegrar greiningar vegna skorts á upplýsingum um kyn málflytjanda, varnar- eða sóknaraðila ásamt upplýsingum um aldur dómara. Þetta skýrist af tvennu; annars vegar því að við textagreiningu reyndust margar dómsúrlausnir því marki brenndar að einhverjar af þeim upplýsingum sem safna þurfti um sérhvert mál vantaði og hins vegar af því að dómsúrlausn héraðsdóms var ekki birt og upplýsingarnar þannig óaðgengilegar.

Úrlausnir héraðsdóms (úrskurðir og dómur) í einkamálum voru fundnar á vefsíðum Hæstaréttar og Landsréttar. Var það einkum aðgengi að dómsúrlausnunum sem stýrði þessu, en auðveldara er að vinna með leitarvélar á vefsíðum Hæstaréttar og Landsréttar en héraðsdóms, auk þess sem allar úrlausnir þeirra eru birtar, á meðan einungis sumar úrlausnir héraðsdómstólanna eru birtar.<sup>4</sup>

Texta hverrar úrlausnar þurfti að greina og skrá eftirfarandi upplýsingar:

*Númer máls:* Safnað var upplýsingum um málsnúmer hlutaðeigandi dómsmáls fyrir Hæstarétti eða Landsrétti.

*Upplýsingar um birtingu úrlausnar:* Fært var til bókar hvort dómsúrlausn væri birt, ekki birt eða upplýsingar skorti í birtri dómsúrlausn. Í því fólst m.a. að athuga hvort dómsúrlausn væri aðgengileg á vefsíðu Hæstaréttar/Landsréttar og héraðsdómstólanna, svo



og hvort allar þær upplýsingar væru aðgengilegar sem safna skyldi um hvert og eitt mál. Ef dómsúrlausn var ekki birt á vefsíðu héraðsdóms eða upplýsingar skorti í birtri dómsúrlausn á vefsíðu Hæstaréttar/Landsréttar og/eða héraðsdóms, var ekki unnt að taka hlutaðeigandi dómsúrlausn með í úrtak til tölfræðilegrar greiningar.

*Form dómsúrlausnar:* Safnað var upplýsingum um hvort úrlausn í héraði var í formi dóms eða úrskurðar. Samkvæmt réttarfarslögum greinast dómsúrlausnir héraðsdóms í annars vegar dóma, sem heimilt er að áfrýja til æðri dóms, og hins vegar úrskurði sem sæta kærui þangað, ásamt því að héraðsdómur fer með ákvörðunarvald í tilgreindum tilvikum.<sup>5</sup>

*Tegund máls:* Í leitarvél á vefsíðu héraðsdómstólanna eru mál flokkuð í 23 málstegundir (aðfararbeiðni, bráðabirgðaforsjá og farbann, opinber skipti, einkamál, flýtimeðferðarmál, gjaldþrotaskipti, horfnir menn, greiðslustöðvunarbeiðnir, mál vegna kyrrsetningar og lögbanns, lögræðismál, matsmál, nauðasamningsumleitani, sjópróf, mál vegna dánarbússkipta o.fl., mál vegna þinglýsinga, barnaverndarmál, vitnamál, mál vegna gjaldþrotaskipta, mál vegna aðfarargerða, mál vegna nauðungarsölu og önnur mál). Skráning var gerð í samræmi við tilgreinda tegund máls, jafnvel þótt talið væri að auðkenningin væri rangt skráð í héraði. Þá voru mál sem vörðuðu greiðsluáðlögun flokkuð með „öðrum málum“.

*Upplýsingar um dómara:* Safnað var upplýsingum um kyn dómara og aldur hans á þeim tíma sem dómsúrlausn var kveðin upp. Þegar dómara voru fleiri en einn, þ. á m. sérfróðir meðdómsmenn, var meðalaldur reiknaður.

*Upplýsingar um málflytjanda sóknaraðila:* Safnað var upplýsingum um kyn málflytjanda sóknaraðila og aldur hans á þeim tíma sem dómsúrlausn var kveðin upp. Þegar málflytjendur til sóknar voru fleiri en einn var meðalaldur reiknaður. Jafnframt var fært til bókar ef aðili flutti mál sitt sjálfur. Þegar mismæmi var í birtingu dómsúrlausnar í héraði á tilgreiningu málflytjenda í fyrirsögn og neðst í úrlausn, var miðað við tilgreiningu í fyrirsögn. Þegar nafnleyndar var gætt um málsaðila var oft unnt að ráða kynferði þeirra af dómsúrlausn, t.d. þar sem notuð voru kynjuð orð og persónufofnöfn (t.d. „dóttir“ eða „hans“) eða skírskotað var til málsaðila í réttu kyni (t.d. „stefndi“ eða „stefnda“). Þegar ólöggráða barn átti aðild að máli en foreldri var í fyrirsvari var kynferði aðilans ráðið af kyni barns en ekki foreldris.

*Upplýsingar um málflytjanda varnaraðila:* Safnað var upplýsingum um kyn málflytjanda varnaraðila og aldur hans á þeim tíma sem dómsúrlausn var kveðin upp. Þegar málflytjendur til varnar voru fleiri en einn var meðalaldur reiknaður. Jafnframt var fært til bókar ef aðili flutti mál sitt sjálfur. Eins á við það sem á undan greinir um nafnleynd og málsaðild ólöggráða barns.

*Upplýsingar um sóknaraðila:* Safnað var upplýsingum um kyn þess málsaðila sem var til sóknar í héraði og aldur hans á þeim tíma sem dómsúrlausn var kveðin upp. Þar sem gagnsök hafði verið höfðuð í héraði var aðalstefnandi/gagnstefndi talinn til sóknaraðila. Jafnframt var fært til bókar ef um lögaðila eða opinberan aðila var að ræða.

*Upplýsingar um varnaraðila:* Safnað var upplýsingum um kyn þess málsaðila sem var til varnar í héraði og aldur hans á þeim tíma sem dómsúrlausn var kveðin upp. Þar sem

gagnsök hafði verið höfðuð í héraði var aðalstefndi/gagnstefnandi talinn til varnaraðila. Jafnframt var fært til bókar ef um lögaðila eða opinberan aðila var að ræða.

*Upplýsingar um úrslit í héraði:* Úrslit máls í héraði voru flokkuð eftir því í *fyrsta lagi* hvort þau voru sóknaraðila í hag að fullu eða verulegu leyti eða varnaraðila í hag að fullu eða verulegu leyti og var þá átt við að meirihluti krafna (eða meirihluti fjárhæðar peningakröfu) málsaðilans væri tekinn til greina. Í *öðru lagi* hvort úrslit máls í héraði voru sóknaraðila í hag að hluta eða varnaraðila í hag að hluta og var þá átt við þegar teknar voru til greina 50% dómkrafna aðilans eða minna. Í *þriðja lagi* hvort úrslit máls í héraði voru hlutlaus í garð málsaðila til sóknar og varnar og var þá átt við aðstöðu t.d. á borð þá þegar aðili gerði tvær kröfur og annarri var vísað frá dómi en hin var talin tæk til efnismeðferðar. Hér var m.a. litið til þess hvort málskostnaður var látinn niður falla. Í *fjórða lagi* eftir því hvort máli var vísað frá af sjálfsdáðum (e. ex officio). Í þennan flokk voru talin tilvik þar sem máli var vísað frá dómi án kröfu varnaraðila en ef héraðsdómur vísaði á hinn bóginn máli frá dómi að kröfu varnaraðila var málið talið hafa fallið varnaraðila í hag að verulegu leyti. Í *fimmta lagi* eftir því hvort mál var fellt niður í héraði. Í þann flokk voru aðeins talin tilvik þar sem mál var fellt niður án kröfu, ella var mál flokkað við eigandi málsaðila í hag að fullu eða verulegu leyti (nema málsaðilanum væri gert að greiða gagnaðila sínum málskostnað, þá var það talið honum í hag að hluta). Einnig var hægt að flokka málsúrslit undir „annað“ ef alls óvíst var um áðurgreind atriði. Í öllum tilvikum var horft til kröfu um málskostnað samhliða öðrum kröfum málsaðila.

*Athugasemdir:* Unnt var að færa til bókar athugasemdir eftir því sem tilefni gafst til, einkum til frekari útskýringa á öðrum upplýsingum sem safnað hafði verið um hlutað-eigandi úrlausn. Til dæmis var tilgreint sérstaklega ef sératkvæði var skilað í fjölskipuðum dómi, hvaða upplýsingar vantaði eftir því sem við átti o.s.frv.

Fletta þurfti upp úrlausn á vefsíðu Hæstaréttar/Landsréttar og á vefsíðu héraðsdómstólanna. Þá þurfti að leita upplýsinga um aldur dómara og lögmanna í lögfræðingatali, í þjóðskrá, á vefnum eða eftir atvikum að fenginni frekari aðstoð umsjónarmanna rannsóknarinnar.

## 2.2 Breytur sem notaðar eru í tölfraeðilegri greiningu gagna

Fylgibreyta línulega líkindamódelisins (e. linear probability model) og kí-kvaðrat prófa er vísbreyta sem unnin er upp úr breytunni úrslit í héraði ( $n=4160$ ). Þar af fengu ( $n=1344$ ) mál sem féllu sóknaraðila í vil í heild og ( $n=352$ ) mál sem féllu sóknaraðila í vil að hluta, tölugildið 0 ( $n=1696$ ), 43,9%. Mál sem féllu varnaraðila í vil í heild ( $n=1721$ ) og mál sem féllu varnaraðila í vil að hluta ( $n=449$ ), fengu tölugildið 1 ( $n=2170$ ), 56,1%. Fylgibreytan lýsir því hvort úrslit í héraði féllu sóknaraðila í vil í heild eða að hluta, eða hvort mál féll varnaraðila í vil í heild eða að hluta.

Aldur dómara er vísbreyta, þar sem meðalaldur dómara var 53 ár og 6 mánuðir og staðalfrávik var 8 ár. Aldurinn 30 til 49 ára fær tölugildið 0 ( $n=1218$ ) og 50 til 70 ára fær tölugildið 1 ( $n=2842$ ).

Kyn dómara. Karlar fá tölugildið 0 ( $n=2074$ ) og konur 1 ( $n=1817$ ).

Aldur málflytjanda varnaraðila er vísbreyta, þar sem meðalaldurinn var 45 ár og 4

mánuðir og staðalfrávik var 10 ár og 11 mánuðir. Aldurinn 25 til 49 ára fékk tölugildið 0 ( $n=1630$ ) og 50 ára og eldri fékk tölugildið 1 ( $n=881$ ).

*Kyn málflytjanda varnaraðila.* Karlar fá tölugildið 0 ( $n=1854$ ) og konur fá tölugildið 1 ( $n=571$ ).

*Aldur málflytjanda sóknaraðila* er vísibreyta, þar sem meðalaldurinn var 44 ár og 9 mánuðir og staðalfrávik var 11 ár og 8 mánuðir. Aldurinn 25 ára til 49 ára fær tölugildið 0 ( $n=1622$ ) og 50 ára og eldri fá tölugildið 1 ( $n=832$ ).

*Kyn málflytjanda sóknaraðila.* Karlar fá tölugildið 0 ( $n=1989$ ) og konur fá tölugildið 1 ( $n=453$ ).

*Samvirkenistudull kyns dómara og málflytjanda varnaraðila* er margfeldi vísibreytanna; *kyn dómara* og *kyn málflytjanda varnaraðila*. Stuðlinum er ætlað að kanna hvort kyn dómara hafi marktæk áhrif á úrslit í héraði eftir kyni málflytjanda varnaraðila.

*Samvirkenistudull kyns dómara og málflytjanda sóknaraðila* er margfeldi vísibreytanna; *kyn dómara* og *kyn málflytjanda sóknaraðila*. Stuðlinum er ætlað að kanna hvort kyn dómara hafi marktæk áhrif á úrslit í héraði eftir kyni málflytjanda sóknaraðila.

*Samvirkenistudull kyns og aldurs dómara* er margfeldi vísibreytanna; *aldur dómara* og *kyn dómara*. Stuðlinum er ætlað að kanna hvort kyn dómara hafi marktæk áhrif á úrslit í héraði eftir aldri dómara.

### 2.3 Tölfræðileg greining gagna

Kí-kvaðrat próf voru notuð til að koma auga á stefnulaus sambönd aldurs og kyns dómara og málflytjenda við niðurstöður í héraði. Út frá niðurstöðum sem fengust úr þeim athugunum var línulegt líkindamódel (e. linear probability model) smíðað í tölfræðihugbúnaðinum R, þar sem  $t$ -próf voru leiðrétt fyrir aukinni dreifni villulíðar (e. heteroscedasticity). Því næst voru ómarktækir stuðlar fjarlægðir og niðurstöður úr lokaúrvinnslu (módeli) birtar í töflu 4.

Karlar eru *dómarar* í 50,3% málanna og konur í 44,1% þeirra. Mál þar sem dómarar eru tveir eða fleiri af báðum kynjum eru 5,6%. Flestir dómara eru á aldrinum 50-59 ára. Um 25,2% dómara eru á aldrinum 50-54 ára, 22% á aldrinum 55-59 ára og 17% á aldrinum 45-49 ára.

*Kyn málflytjanda sóknaraðila* skiptist þannig að karlar eru 79,8% málflytjenda og konur 18,2% málflytjenda. Í 1,1% tilvika flutti karlkyns aðili sjálfur mál sitt. Aldur málflytjenda sóknaraðila er dreifðari en aldur dómara og eru málflytjendur í heildina yngri. Stærsti aldurshópurinn í þessum gögnum er 35-39 ára (16,8%), þá kemur aldurshópurinn 40-44 ára (14,6%) og því næst 45-49 ára (14,1%). Tekið skal fram að í tilviki kyns og aldurs málflytjenda sóknaraðila flokkast mörg gildi sem ógild (e. missing value) og er endanlegur fjöldi gilda í þessari breytu 2494, en var upphaflega 4198. Þetta má skýra með því að við gagnasöfnun voru mörg mál þar sem upplýsingar vantaði eða dómsúrlausn héraðsdóms var ekki birt og upplýsingarnar þannig óaðgengilegar.

*Kyn málflytjenda varnaraðila* skiptist þannig að karlar eru 73,3% og konur 22,6%. Hér eru einnig þónokkur gildi sem flokkast sem ógild eða alls 2529 af 4198 og skýrist það af sömu ástæðu og á undan greinir. Aldur málflytjenda varnaraðila er dreifður, eins og

í tilvikum málflytjanda sóknaraðila. Fjölmennasti aldurshópurinn er 35-39 ára (16,5%), þá kemur aldurshópurinn 45-49 ára (15,4%) og því næst 40-44 ára (14,9%) Hérna eru enn mörg gildi sem flokkast sem ógild. Fjöldi gilda sem ekki teljast ógild eru 2511 af 4198.

Að síðustu er það fylgibreytan úrslit í héraði. Þar stendur 1 fyrir úrslit sem voru sóknaraðila í hag, 2 fyrir úrslit sem voru varnaraðila í hag, 3 fyrir úrslit sem voru sóknaraðila í hag að hluta, 4 fyrir úrslit sem voru varnaraðila í hag að hluta, 5 fyrir hlutlaus úrslit, 6 fyrir frávísun (e. ex officio) og hæsta gildið 7 fyrir niðurfellingu máls.

Um 41,4% málanna féllu varnaraðila í hag, 32,3% sóknaraðila í hag, 10,8% varnaraðila í hag að hluta, 8,5% sóknaraðila í hag að hluta, 3,2% var vísað frá dómi, 2,6% málanna fengu hlutlaus úrslit, þannig að aðili vann mál að nokkru og tapaði því að nokkru, og 0,8% málanna voru felld niður.

### 3. Niðurstöður

Hér verður gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar um tengsl kynferðis og aldurs dómara og lögmanna í héraði við úrslit dómsmála.

**Tafla 1.** Niðurstöður í héraði eftir kyni dómara

Niðurstaða í héraði	Kyn dómara	
	Karlar (%)	Konur (%)
Sóknaraðila í vil	42,8	43,2
Varnaraðila í vil	57,2	56,8

Tafla 1 sýnir að bæði karlkyns og kvenkyns dómara dæma varnaraðila oftar í vil en sóknaraðila. Hlutfallslegur munur á niðurstöðum dómsmála er meiri hjá karldómurum en hjá kvendómurum. Hjá körlum er munurinn 14,4 prósentustig, en hjá konum er hann 13,6 prósentustig. Kí-kvaðrat marktæktarpróf ( $\chi^2(1) = 0,058$ ;  $p = 0,810$ ) á einföldu stefnulausu sambandi milli kyns dómara og niðurstöðu í héraði er ómarktækt við 95% öryggismörk.

**Tafla 2.** Niðurstöður í héraði eftir kyni málflytjanda varnaraðila

Niðurstaða í héraði	Kyn málflytjanda varnaraðila	
	Karlar (%)	Konur (%)
Sóknaraðila í vil	47,7	41,9
Varnaraðila í vil	52,3	58,1

Í töflu 2 má sjá einfalt stefnulaust samband milli kyns málflytjanda varnaraðila og niðurstöðu í héraði. Eins og áður falla mál oftar varnaraðila í vil, eða í 52,3% tilvika þegar málflytjandi varnaraðila er karl og 58,1% tilvika þegar málflytjandi varnaraðila er kona. Hlutfallslegur munur á því hvort mál falli varnar- eða sóknaraðila í vil er 16,2 prósentustig þegar kona er málflytjandi varnaraðila en 4,6 prósentustig þegar karl er málflytjandi varnaraðila. Niðurstöður ( $\chi^2(1) = 5,713$ ;  $p = 0,017$ ) eru marktækar við 95% öryggismörk.

**Tafla 3.** Niðurstöður í héraði eftir kyni málflytjanda sóknaraðila

Niðurstaða í héraði	Kyn málflytjanda sóknaraðila	
	Karlar (%)	Konur (%)
Sóknaraðila í vil	41,3	44,3
Varnaraðila í vil	58,7	55,7

Tafla 3 sýnir samband á milli kyns málflytjanda sóknaraðila og niðurstöðu í héraði. Þegar karl er málflytjandi sóknaraðila falla mál í héraði varnaraðila í vil í 58,7% tilvika og þegar kona er málflytjandi sóknaraðila falla mál varnaraðila í vil í 55,7% tilvika. Hlutfallslegur munur á því hvort mál falli varnar- eða sóknaraðila í vil er 17,4 prósentustig þegar karl er málflytjandi sóknaraðila og 11,4 prósentustig þegar kona er málflytjandi sóknaraðila. Sambandið ( $\chi^2(1) = 1,306; p = 0,253$ ) er ekki marktækt.

**Tafla 4.** Niðurstöður í héraði eftir aldri og kyni dómara

Aldur dómara	Kyn dómara	
	Karlar (%)	Konur (%)
50 ára og eldri		
Sóknaraðila í vil	41,6	41,2
Varnaraðila í vil	58,4	58,8
49 ára og yngri		
Sóknaraðila í vil	44,6	47,5
Varnaraðila í vil	55,4	52,5

Tafla 4 sýnir mun á því hvort mál féll varnar- eða sóknaraðila í vil, eftir kyni og aldri dómara. Eins og áður falla mál frekar varnaraðila í vil, óháð aldri og kyni. Munur á milli kynja er ómarktækur bæði hjá þeim dómurum sem eru 50 ára og eldri ( $\chi^2(1) = 0,044; p = 0,834$ ) og hjá þeim dómurum sem eru 49 ára og yngri ( $\chi^2(1) = 0,950; p = 0,330$ ).

Þessar niðurstöður styðja ekki hugmyndir um samvirknisamband kyns og aldurs dómara við niðurstöðu í héraði, þegar ekki er stjórnað fyrir áhrifum annara breyta. Í fyrri töflum má sjá að kyn dómara hefur ekki marktæk áhrif á niðurstöður í héraði en aldur dómara hefur nokkur áhrif, þó að sambandið sé ekki marktækt við 95% öryggismörk.

**Tafla 5.** Niðurstöður í héraði eftir aldri og kyni málflytjanda varnaraðila

Aldur málflytjanda varnaraðila	Kyn málflytjanda varnaraðila	
	Karlar (%)	Konur (%)
50 ára og eldri		
Sóknaraðila í vil	51,5	32,9
Varnaraðila í vil	48,5	67,1
49 ára og yngri		
Sóknaraðila í vil	45,5	45,7
Varnaraðila í vil	54,5	54,3

Tafla 5 sýnir að í þeim málum þar sem málflytjandi varnaradila var kona, féll mál varnaradila oftar í vil óháð aldri. Í málum þar sem málflytjandi varnaradila var karl eldri en 50 ára, féll mál varnaradila síður í vil.

Kí-kvaðrat marktæktarprófi fyrir málflytjendur varnaradila 50 ára og eldri ( $\chi^2(1) = 17,929$ ;  $p < 0,001$ ) sýnir marktækan mun á milli kynja en fyrir málflytjendur varnaradila 49 ára og yngri er sambandið ómarktækt ( $\chi^2(1) = 0,009$ ;  $p = 0,924$ ). Niðurstöðurnar sýna að kyn málflytjanda varnaradila hefur sterk marktæk tengsl við úrslit máls í héraði hjá eldri málflytjendum varnaradila.

Hér á undan var greint frá því að sterk vísbending er um að kyn málflytjanda til varnar hefði áhrif á líkur á hvort mál falli varnar- eða sóknaraðila í hag, hjá málflytjendum 50 ára og eldri. Engar vísbendingar um samvirkni aldurs og kyns dómara er að finna í gögnum þegar ekki er stjórnað fyrir áhrifum annara breyta.

Í línulegu líkindamódeli er fylgibreytan mat á líkum á að mál falli varnaradila í vil í heild eða að hluta í héraði. Stuðlar í línulega líkindamódelinu eru því mat á líkindabreytingu í prósentustigum á að mál falli varnaradila í vil í heild eða að hluta, þegar stjórnað er fyrir öðrum frumbreytum í módeli. Í töflu 6 er stjórnað fyrir áhrifum aldurs og kynferðis dómara, ásamt aldri og kynferði málflytjanda varnar- og sóknaraðila. Ásamt því að stjórna fyrir samvirknistuðlum fyrir aldur og kyn dómara ásamt aldri og kyni málflytjanda varnar- og sóknaraðila.

**Tafla 6.** Línulegt líkindamódel fyrir líkur á að mál falli varnaradila í hag

Frumbreytur	<i>B</i>	<i>SE.B</i>	<i>t</i>	<i>p</i>
Módel				
<i>Skurðpunktur</i>	0,521	0,028	18,757	< 0,001 ***
<i>Dómari er kona</i>	-0,019	0,043	-0,438	0,662
<i>Málflytjandi varnaradila er kona</i>	0,106	0,036	2,935	0,003 **
<i>Samvirknistuðull kyns dómara og málflytjanda varnaradila</i>	0,076	0,052	1,447	0,148
<i>Málflytjandi sóknaraðila er kona</i>	-0,070	0,040	-1,760	0,079
<i>Samvirknistuðull kyns dómara og málflytjanda sóknaraðila</i>	0,007	0,060	0,115	0,908
<i>Dómari er 50 ára eða eldri</i>	0,067	0,032	2,123	0,034 *
<i>Samvirknistuðull kyns (kona) og aldurs (50+) dómara</i>	-0,015	0,048	-0,308	0,758

Skýring: ·  $p < 0,10$  \*  $p < 0,05$  \*\*  $p < 0,01$  \*\*\*  $p < 0,001$

Tafla 6 sýnir marktæka og ómarktæka stuðla í línulegu líkindamódeli. Í töflunni sést að kyn dómara og samvirknistuðlar hafa ekki marktæk áhrif á líkur þess að mál falli varnar- eða sóknaraðila í vil í héraði. Þegar stjórnað er fyrir áhrifum kyns dómara, kyni málflytjanda varnaradila, kyni málflytjanda sóknaraðila og samvirknistuðlum kyns og aldurs dómara og málflytjanda varnar- og sóknaraðila, sést að ef dómari er karl 49 ára eða yngri, málflytjandi sóknaraðila er karl 49 ára eða yngri og málflytjandi varnaradila er karl 49 ára eða yngri eru meira en helmingslíkur á að mál falli varnaradila í hag  $P(0,521)$ . Ef öllum áhrifum annarra frumbreyta í módelinu er haldið stöðugum aukast líkur á að

mál falli varnaraðila í hag um 10,6 prósentustig þegar málflytjandi varnaraðila er kona, borið saman við þegar málflytjandi varnaraðila er karl.

Ef öllum áhrifum annara frumbreyta í módelinu er haldið stöðugum aukast líkur á að mál falli varnaraðila í vil um 6,7 prósentustig, þegar dómari er 50 ára eða eldri, borið saman við dómara 49 ára og yngri.

Ef við skoðum marktæk áhrif á niðurstöðu í héraði án áhrifa ómarktækra stuðla á líkur þess að mál falli varnaraðila í vil í héraði, sést að kyn málflytjanda varnar- og sóknaraðila hefur marktæk áhrif miðað við 95% öryggismörk samkvæmt *t*-prófi þar sem leiðrétt er fyrir aukinni misdreifni villuliðar (e. heteroscedasticity). Aldur dómara hefur ekki marktæk áhrif miðað við 95% öryggismörk.

**Tafla 7.** Marktæk áhrif í línulegu líkindamódeli fyrir líkur á að mál falli varnaraðila í hag

Frumbreytur	<i>B</i>	<i>SE.B</i>	<i>t</i>	<i>p</i>
Módel				
<i>Skurðpunktur</i>	0,522	0,021	24,983	< 0,001 ***
<i>Málflytjandi varnaraðila er kona</i>	0,111	0,026	4,357	< 0,001 *
<i>Málflytjandi sóknaraðila er kona</i>	-0,063	0,029	-2,204	0,028 *
<i>Dómari er 50 ára eða eldri</i>	0,044	0,023	1,881	0,060 ·

Skýring: ·  $p < 0,10$  \*  $p < 0,05$  \*\*  $p < 0,01$  \*\*\*  $p < 0,001$

Tafla 7 sýnir marktækar niðurstöður úr línulegu líkindamódeli. Módelið lýsir lokaniðurstöðu sem gefur skýr merki um að kyn málflytjanda til varnar og sóknar og mögulega aldur dómara hafi áhrif á líkur þess að mál falli varnar- eða sóknaraðila í hag. Ekki fundust nægilega sterkar vísbendingar til að halda samvirknistuðlum inni í lokaniðurstöðum. Skurðpunktur gefur okkur upplýsingar um líkur á að mál falli varnaraðila í hag. Að því gefnu að dómari sé 49 ára eða yngri og að málflytjendur varnar- og sóknaraðila séu karlar, eru meiri en helmingslíkur á að mál falli varnaraðila í hag  $P(0,522)$ . Þegar stjórnad er fyrir áhrifum aldurs dómara og kyni málflytjanda sóknaraðila annars vegar og skoðaður er munur á líkum þess að mál falli varnaraðila í hag í málum þar sem málflytjandi varnaraðila er kona í samanburði við mál þar sem málflytjandi varnaraðila er karl hins vegar, aukast líkur um 11,1 prósentustig þegar málflytjandi varnaraðila er kona, óháð aldri dómara og kyni málflytjanda sóknaraðila.

Þegar stjórnad er fyrir áhrifum aldurs dómara og kyni málflytjanda varnaraðila og líkur metnar á að mál falli varnar- eða sóknaraðila í vil út frá kyni málflytjanda sóknaraðila, óháð aldri dómara og kyni málflytjanda varnaraðila, minnka líkur á að mál falli varnaraðila í vil um 6,3 prósentustig þegar kona er málflytjandi sóknaraðila í samanburði við mál þar sem karl er málflytjandi sóknaraðila.

Áhrif aldurs dómara á líkur þess að mál falli varnar- eða sóknaraðila í vil eru ómarktæk við 95% öryggismörk, en áhrifin teljast marktæk ef miðað er við 90% öryggismörk. Þegar stjórnad er fyrir áhrifum kyns málflytjanda varnar- og sóknaraðila aukast líkur um

4,4 prósentustig á að mál falli varnaraðila í vil í málum þar sem dómari er 50 ára eða eldri í samanburði við mál þar sem dómari er 49 ára eða yngri, óháð kyni málflytjenda.

Niðurstöður dreifigreiningar fyrir módel í töflu 7 sýna að stuðlarnir hafi sameiginlega skýringarmátt þegar kemur að því að skýra breytileika í niðurstöðu mála í héraði  $F(3, 2093) = 8,285; p < 0,001$ ). Í módelinu var aðeins stuðst við þrjár breytur og þess vegna er R-gildið svo lágt í öðrum þáttum. Í þessu felst að kyn málflytjenda og aldur dómara skýrir aðeins 1,2% af heildarbreytileika í niðurstöðu einkamála og þetta eru þannig ekki einu þættirnir sem stýra úrslitum mála í héraði.

Hér á undan hefur verið greint frá rannsóknarniðurstöðum sem gefa vísbendingar um að kvenkyns málflytjendur til varnar og sóknar auki líkur á að mál falli umbjóðendum þeirra í vil. Aldur dómara virðist hafa einhver áhrif á niðurstöðu mála, þótt áhrifin séu ekki marktæk miðað við 95% öryggismörk. Ekki fundust nægilega sterkar vísbendingar um að hækkandi aldur dómara og/eða málflytjenda hafi ólík áhrif eftir því hvort viðkomandi er karl eða kona. Áhrif aldurs dómara og/eða málflytjenda á úrslit máls í héraði eru þannig óháð kyni þeirra.

#### 4. Umræður um helstu niðurstöður og efni til frekari rannsókna

Í rannsókninni var gerð greining á þeim dómsúrlausnum í einkamálum sem kærðar hafa verið eða áfrýjað til Hæstaréttar og Landsréttar á tíu ára tímabili og gögnum safnað um kynferði og aldur dómara og málflytjenda í þessum málum. Spurt var hvort tengsl væru á milli kynferðis og aldurs annars vegar og úrslita dómsmálanna hins vegar. Í ljós kom að það að vera kvenkyns málflytjandi til sóknar og varnar eykur líkur á að mál falli umbjóðandanum í vil. Aldur dómara virðist jafnframt hafa tengsl við úrslit mála í þá veru að dómara sem eru 50 ára eða eldri virðast hafa tilhneigingu til að dæma frekar varnaraðila í vil en dómara sem eru 49 eða yngri.

Þessar niðurstöður eru athyglisverðar og kalla á frekari rannsóknir á því hvað veldur. Þar sem mikið er fjallað stöðu íslenskra kvenna á kynjabilskvarðanum sem stjórnvöld hafa nýtt til að vekja jákvæða athygli á landi og þjóð, þrátt fyrir augljósa vankanta kvarðans (Einarsdóttir 2020), þá væri t.d. áhugavert að gera samanburðarrannsókn á niðurstöðunum hér á landi og í þeim löndum þar sem heildarskor kvenna á kynjabilskvarðanum er ekki eins gott (World Economic Forum 2021). Hér að framan var greint frá nokkrum rannsóknum sem gerðar hafa verið á dómstólum með það í huga að varpa ljósi á stöðu kvenna. Einna helst hafa þær verið gerðar í Bandaríkjunum Norður-Ameríku, Kanada og Noregi (Collins o.fl. 2010; Skiple o.fl. 2016; Songer & Johnsson 2007; Scheurer 2014) og á vettvangi fjölþjóðlegra dómstóla í Evrópu (Føllesdal 2021; Voeten 2020). Engin þessara eldri rannsókna er þó að fullu sambærileg við þá rannsókn sem hér er kynnt. Ástæðurnar eru helst þær að fyrirliggjandi rannsóknir eru gerðar í ólíkum réttarkerfum, þær hafa snúið að tilteknum dómstól (einum eða fleiri) á ólíkum dómstigum, en þær beina allar utan tveggja (Manning o.fl. 2004; Collins o.fl. 2010) sjónum að æðri dómstigum en ekki fyrsta dómstigi. Þá hafa þær stuðst við ólíkar skilgreiningar og aðferðir og sumar snúa að landsrétti á meðan aðrar varða þjóðarétt.

Rannsóknin sýnir að mun færri konur en karlar starfa sem lögmenn og konur voru



aðeins 18,2% málflytjenda sóknaraðila og 22,6% málflytjenda varnaraðila. Vísbendingarnar um að kvenkyns málflytjendur til sóknar- og varnar auki líkur á að mál falli umbjóðendum þeirra í vil eiga sér nokkra samsvörun í niðurstöðum Phillips og Carter (2010) sem sýndu að kynferði málflytjanda hefði tengsl við dómstörf Hæstaréttar Bandaríkjanna, þótt sú rannsókn sýndi jafnframt fram á tengsl á milli kynferðis dómara og dómstarfa. Það gerði ekki rannsóknin sem hér er miðlað, heldur voru þvert á móti bendingar um að ekki væru marktæk tengsl á milli kynferðis dómara og úrslita dómsmála. Aðrar rannsóknir sem greint var frá (Songer & Crews-Meyer 2000; McCall 2003; Martin & Pyle 2004; Manning & Robert 2005; Peresie 2005; McCall 2007; McCall & McCall 2007; Songer & Johnson 2007; Johnson & Songer 2009; Collins o.fl. 2010; Moyer 2013; Scheurer 2012; Scheurer 2014; Gill o.fl. 2015; Skiple o.fl. 2016; Voeten 2020; Føllesdal 2021), þar sem sjónum var beint að því hvort tengsl væru á milli kynferðis dómara og úrslita dómsmála, eru á hinn bóginn ólíkar okkar rannsókn í því tilliti að þær varða allar eiginleika dómara og málsaðila en ekki dómara og málflytjenda, auk þess sem fyrri rannsóknir voru allar gerðar til að sýna fram á hvort ákveðnir eiginleikar dómara hefðu áhrif á eða tengsl við úrlausn máls (annað hvort tengsl við mál af ákveðinni tegund eða þar sem málsaðili hefur sömu eða svipaða eiginleika og dómarrin). Rannsóknin sem hér er lýst snýr á hinn bóginn að dómurum og málflytjendum og þar var ekki gengið út frá tilgátu um slík tengsl á milli eiginleika dómara og málstegundar eða málsaðila, heldur var leitast við að varpa ljósi á hvort tengsl væru á milli aldurs og kynferðis dómara og málflytjenda og úrslita dómsmála.

Þá sýnir rannsóknin að kynjahlutfall dómara er nær því að vera jafnt en í lögmansstétt, en dómarrar eru frekari eldri en yngri af augljósum ástæðum. Vísbendingar um að aldur dómara hafi tengsl við úrslit dómsmála, á þann veg að dómarrar 50 ára og eldri dæmi frekar varnaraðila í vil en dómarrar 49 ára og yngri, eiga sér síðan ekki samsvörun í niðurstöðum Manning o.fl. (2004), því sú rannsókn sýndi að elstu dómarrarnir (65 ára og eldri) á fyrsta dómstigi fyrir bandarískum alríkisdómstólum dæmdu frekar þeim í hag sem báru við mismunun á grundvelli aldurs og voru þá eðli máls samkvæmt jafnan í hlutverki sóknaraðila þótt það sé ekki einhlítt.

Þrátt fyrir áhugaverðar niðurstöður þá vekja þær einnig upp fjölmargar spurningar sem við hvetjum til að verði rannsakaðar frekar. Til dæmis svarar rannsóknin því ekki *af hverju* kvenkyns málflytjendur skili betri árangri fyrir dómstólum eða hvað það þýði að eldri dómarrar séu líklegri til að dæma varnaraðila í vil en þeir sem yngri eru. Þó er freistandi að túlka niðurstöður fyrrgreindu spurningarinnar (um auknar sigurflikur kvenkyns málflytjenda) í ljósi kenninga um markfjölda (e. critical mass theory) (Dahlerup 1988; Kanter 1977a; 1977b). Ástæðan er sú að þótt karlar séu í miklum meirihluta lögmanna, bæði til varnar og sóknar, þá er kynjahlutfall dómara nálægt því að vera jafnt hér á landi og konur hafa verið í meirihluta þeirra sem útskrifast með meistarapróf í lögfræði undanfarin ár. Þótt konur séu í minnihluta þeirra sem annast málflutning gæti rannsókn Dobija o.fl. (2021) bent til þess að konur í héraðsdómi hafi náð slíkum „kritisískum fjölda“ að þær upplifi að þær geti „haft rödd“. Með öðrum orðum að á grundvelli nýlegra rannsókna um markfjölda (sjá t.d. Dobija o.fl 2021; Torchia o.fl 2011) verði sú

ályktun dregin að kvenkyns lögmenn hafi valdeflst þannig að konur sem málflytjendur til sóknar og varnar auki líkurnar á að mál falli umbjóðendum þeirra í vil umfram það sem gerist meðal karla. Þetta kallar þó á frekari rannsóknir. Hvort kenningar um vitundarvakningu (Bartlett 1990) hafi haft þau smitáhrif á störf karlkyns dómara að þeir séu farnir að dæma líkar því sem gerist meðal kvenna, eins og t.d. rannsóknir Moyer (2013), Gill o.fl. (2015) og Songer o.fl. (2016) sýna er ekki hægt að álykta um á grundvelli þessara gagna. Einnig er hugsanlegt að slík áhrif kæmu frekar fram í fjölskipuðum dómstól en í héraðsdómi, sem er það dómstig sem þessi rannsókn fjallar um.

Spurningunni um velgengni kvenkyns málflytjenda væri hægt að leitast við að svara með eigindlegri rannsókn af því tagi sem Daði Heiðar (2018) gerði á kynjamynstrum í störfum héraðsdómara, því eigindlegar rannsóknarniðurstöður geta verið til þess fallnar að gæða tölfræðina lífi (Hensler 1993). Einnig væri unnt að leita svara við spurningunni með rannsókn frá sjónarhóli kvennaréttar og femínískra lagakenninga,<sup>6</sup> en með þeim er leitast við að afhjúpa kúgun og yfirráð sem leiða af kröfunni um óhlutdrægni og hlutlægni laga í þessu tiltekna samhengi (Cryer o.fl. 2011, 64). Þess má geta að upplýsingum var safnað um tegundir mála, sem ekki hafa enn verið greindar sérstaklega, þar sem núverandi greining studdist við allar þær 23 tegundir sem mál eru flokkuð í á vefsíðu héraðsdómstólanna. Með frekari greiningu þessara upplýsinga væri e.t.v. hægt að svara því til hvort karlkyns eða kvenkyns lögmenn séu líklegri til að taka að sér mál tiltekinnar tegundar, t.d. barnaverndarmál eða mál vegna gjaldþrotaskipta. Einnig var safnað upplýsingum um kynferði málsaðila (sóknaraðila og varnaraðila), ekki aðeins málflytjendur eins og greint er frá hér, og hvort um væri að ræða lögaðila eða hið opinbera. Í gagnasafninu eru þannig fólgin frekari rannsóknartækifæri sem við hvetjum til að verði nýtt.

Hægt væri að velja t.d. úr mál þar sem reyndi á mismunun á grundvelli aldurs eins og gert var í Manning o.fl. (2004), mál þar sem málsaðilar til sóknar og/eða varnar eru kvenkyns svipað og gert var í Voeten (2020), mál eftir málaflokkum eins og gert var í Manning o.fl. (2014) og Voeten (2020), málstað (Johnson & Songer 2009; Phillips & Carter 2010; Scheurer 2014; Skiple o.fl. 2016), eða mál þar sem tengsl eru á milli eiginleika dómara og eiginleika málsaðila (Songer & Johnson 2007). Þá væri mögulegt að nota kenningar um markfjölda til að skoða hvort breytingar hafi orðið á dómstörfum Hæstaréttar Íslands frá því karldómarar voru þar í meirihluta og eftir að jafnvægi kynjanna náðist í dómrahópnum frá og með árinu 2020.

*Styrkleiki* rannsóknarinnar er einkum sá að sökum smæðar íslensks dómskerfis var unnt að greina og safna upplýsingum um allar dómsúrlausnir hér á landi og öðlast þar með þekkingu á starfsemi dómskerfisins í heild. Þær dómsúrlausnir sem rannsóknin laut að voru sem fyrr greinir dómsúrlausnir héraðsdóms sem settu áfrýjun eða kærnu til Hæstaréttar og Landsréttar á tíu ára tímabili. Flestar rannsóknir á erlendum vettvangi sem vitnað er til eru brotakenndari og byggja ekki á eins sterku gagnasafni og um ræðir hér, þar sem venjulega eru aðeins rannsakadar dómsúrlausnir eða aðstæður hjá einum eða fleiri dómstól.

Þrátt fyrir styrkleika gagnasafnsins má nefna það sem *veikleika* rannsóknarinnar að einungis um helmingur þeirra dómsúrlausna í héraði sem settu textagreiningu og safnað

var upplýsingum um, reyndist tækur til frekari úrvinnslu vegna skorts á upplýsingum um kyn málflytjanda til varnar og/eða sóknar ásamt upplýsingum um aldur dómara. Þannig vantaði í sumum tilfellum ýmist upplýsingar sem safnað var um sérhverja dómsúrlausn, ellegar að dómsúrlausn héraðsdóms var ekki birt og upplýsingarnar þar með *óaðgengi- legar*. Rannsóknartilvikunum fækkaði því umtalsvert. Þótt það sé miður, þá kemur það að minni sök en ef um úrtaksrannsókn hefði verið að ræða, eða á annan hátt einungis unnið með hluta gagnanna eins og algengt er, því í upprunalegu gagnasafni voru allar dómsúrlausnir héraðsdóms í einkamálum sem skotið var til Hæstaréttar og Landsréttar á tímabilinu. Ekki var unnt að bera saman niðurstöður dóma þegar kyn og aldur voru annars vegar þekkt og hins vegar óþekkt. Því var ekki hægt að álykta um hvort um tilvilj- unarkennd tilvik hefði verið að ræða þegar aldurs og kyns var ekki getið, þótt við teljum að það sé afar líklegt.

Nýnæmi rannsóknarinnar felst fyrst og fremst í því að ekki hafa áður verið skoðuð möguleg tengsl kynferðis og aldurs dómara og málflytjenda annars vegar og úrslita dóms- mála hins vegar eins og gert er hér. Greinin felur þannig í sér framlag til stöðu þekkingar á starfsemi dómstóla og jafnréttismála, því af niðurstöðum hennar verður ráðið að ekki sé loku fyrir það skotið að kynferði málflytjenda og aldur dómara hafi einhverja þýðingu fyrir úrlausn dómsmála. Rannsóknin á þannig erindi við fræðasamfélagið hér á landi og erlendis, t.d. á sviðum stjórnmála, jafnréttis- og kynjafræða og kvennaréttar.

Þótt orsakatengsl þess kynja- og aldursmynsturs sem fram kemur í greininni séu óljós og kalli á frekari rannsóknir geta niðurstöðurnar haft hagnýta þýðingu fyrir ytra og innra starf dómstólanna og gefið til kynna að ástæða sé til umbótastarfs á vettvangi dómstólanna. Það er von okkar að niðurstöðurnar sem hér eru kynntar gagnist umræðu um dómstólana, þ. á m. kynjajafnrétti innan þeirra, og hvetji til áframhaldandi rannsókna á því sviði.

## Aftanmálgreinar

- 1 Rannsókn þessi hlaut styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna 2020. Færa höfundar laganemunum Hafsteini Gauta Ágústssyni, Ingigerði Bjarndísi Írisar Ágústsdóttur og Jóni Sigurðssyni Nordal þakkir fyrir vinnu við söfnun gagna og textagreiningu, svo og nemanum Tinnu Karen Sveinbjarnar- dóttur þakkir fyrir úrvinnslu gagna.
- 2 Árið 2017 voru skipaðir 15 dómara í nýja millidómstólinn Landsrétt, sem tók til starfa 1. janúar 2018 (Valgerður Sólnes 2018, 125). Alls sóttu 33 umsækjendur um embætti dómara við dómstólinn og taldi dómnefnd samkvæmt lögum nr. 50/2016 um dómstóla 15 umsækjendur hæfasta til að gegna embættinu; tíu karla og fimm konur (Umsögn dómnefndar 19. maí 2017, 117; Heimir Már Pétursson 2020). Þegar dómsmálaráðherra gerði tillögu til Alþingis um þá 15 umsækjendur sem skipa skyldi dómara, vék ráðherra frá niðurstöðum dómnefndarinnar varðandi fjóra umsækjendur, sem allir voru karlar, og gerði tillögu um fjóra aðra umsækjendur, þar af tvo karla og tvær konur. Af málatalibúnaði íslenska ríkisins í einu af mörgum dómsmálum sem risu vegna skipunarinnar verður ráðið að sjónarmið um jafnrétti kynjanna hafi haft áhrif á að gerðar hafi verið breytingar á niður- stöðu dómnefndar í ferlinu, það er að á konur hallaði í dómarastrétt (Hrd. 19. desember 2017 í máli nr. 591/2017).
- 3 Hér má benda á umfjöllun um hvernig nýjasta tækni hefur opnað nýja möguleika við rannsóknir á miklum fjölda t.d. dómsúrlausna (Christensen, Esmark og Olsen 2021, 159-188).
- 4 Sjá reglur dómstólasýslunnar 14. október 2019 nr. 3/2019 um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðu

dómstólanna. Af reglunum verður ráðið að allar úrlausnir Landsréttar og Hæstaréttar eru birtar, eftir atvikum þannig að gætt er nafnleyndar, þótt Landsrétti sé reyndar heimilt samkvæmt 10. gr. reglnanna að fresta birtingu úrskurða þar sem leyst er úr kröfu lögreglu eða ákærvalds undir rannsókn sakamáls ef rannsóknaraðgerðin verður að fara leynt til að spilla ekki fyrir henni. Á hinn bóginn skulu dómúrslausnir í héraði ekki birtar þegar um er að ræða mál af nánar tilgreindum tegundum, sbr. 5. gr. reglnanna.

- 5 Sjá nánar Markús Sigurbjörnsson ásamt Kristínu Benediktsdóttur 2013, 233 o.áfr. (þ. á m. um greinarmun á ákvörðunum, úrskurðum og dómum héraðsdómara). Þessi aðgreining dómúrslausna í dóma og úrskurði hefur verið við lýði í íslensku réttarfari um langa hríð (Einar Arnórsson 1911, 614 o.áfr.; Valgerður Sólens 2018, 125).
- 6 Brynhildur G. Flóvenz hefur skilgreint kvennarétt á þann veg að átt sé við sérstaka grein innan lögfræðinnar sem hafi það hlutverk að skoða réttinn með kvennapólítiskum augum og að í því felist að skoða hvort og þá hvernig réttarreglurnar snerti kynin með mismunandi hætti, leggja mat á réttinn úr frá fémínísku sjónarhorni og rannsaka hvernig unnt sé að nota réttarkerfið í víðustu merkingu þess orðs til að bæta stöðu kvenna í samfélaginu (Brynhildur G. Flóvenz 1997, 622-623). Davíð Þór Björgvinsson telur að þrjú áhersluatriði einkenni fémínískar lagakenningar; í fyrsta lagi áhersla á félagslegan og/eða líffræðilegan mun karla og kvenna, í öðru lagi að samfélagið sé allt í raun karlavelði (þ. á m. réttarkerfið) og í þriðja lagi að leitast sé við að skoða og greina hlutverk laga í samfélaginu út frá þeirri forsendu að lögunum og réttindunum í samfélaginu sé ætlað að byggja upp, viðhalda og treysta stöðu karla (Davíð Þór Björgvinsson 2021).

## Heimildir

- Arnildur Hálfðánardóttir (2015). „Kyn hafi óhjákvæmilega áhrif á lagatúlkun“. *Rúm*, 22. október. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/kyn-hafi-ohjakkvaemilega-ahrif-a-lagatulkun>.
- Ársskýrslur dómstólasýslunnar, Hæstaréttar, Landsréttar og héraðsdómstólanna 2018, 2019 og 2020. Sótt af <https://domstolasyslan.is/domstolasyslan/raedsla-og-utgafa/arsskyrslur/>
- Bartlett, K.T. (1990). „Feminist Legal Methods“, *Harvard Law Review* 4(103), 829-888.
- Boyd, C.L., Epstein, L. og Martin, A.D. (2010). „Untangling the causal effects of sex on judging“, *American Journal of Political Science* 2(54), 389-411.
- Brynhildur G. Flóvenz (1997). „Kvennaréttur: Hvað er það?“, *Úlfjótur* 3(50), 619-630.
- Brynhildur G. Flóvenz (2016). „Af hverju eru svona margir karlar í Hæstarétti?“, *Þjóðarspejillinn: Ráðstefna í félagsvísindum XVII*. Sótt af <https://thjodarspejillinn.hi.is/wp-content/uploads/2019/10/Rannsoknir-°-felagsvisindum-XVII-2016.pdf>.
- Christensen, M., Esmark, M. og Olsen, H.P. (2021). „Uoverskuelige mængder af ret: Datalogisk retsvidenskab“, í M.J. Christensen o.fl. (ritstj.), *De juridiske metoder: 10 bud* (bls. 159-188). Kaupmannahöfn: Hans Reitzels Forlag.
- Christensen, M.J. og Madsen, M.R. (2021). „Ret og samfund - samfund og ret: Retssociologiske metoder i juridisk forskning“, í M.J. Christensen o.fl. (ritstj.), *De juridiske metoder: 10 bud* (bls. 117-157). Kaupmannahöfn: Hans Reitzels Forlag.
- Collins, J.R., Manning, K.L. og Carp, R.A. (2010). „Gender, critical mass, and judicial decision making“, *Law and Policy* 2(32), 260-281.
- Cryer, R., Hervej, T. og Sokhi-Bulley, B. (2011). *Research Methodologies in EU and International Law*. Oxford/Portland: Hart Publishing.
- Daði Heiðar Kristinsson (2016). „Áhrif kynferðis dómara á atkvæðagreiðslur þeirra: Yfirlit yfir rannsóknir“, *Þjóðarspejillinn: Ráðstefna í félagsvísindum XVII*. Sótt af <https://thjodarspejillinn.hi.is/wp-content/uploads/2019/10/Rannsoknir-°-felagsvisindum-XVII-2016.pdf>.
- Daði Heiðar Kristinsson (2018). *Upplifun og sýn héraðsdómara af úrlausn dómsmála: Er nálgun kvenna og karla ólík* (meistararitgerð). Háskóli Íslands: Reykjavík. Sótt af <https://skemman.is/handle/1946/31756>

- Davíð Þór Björgvinsson (2021). „Femínískar lagakenningar“. Sótt af <https://uni.hi.is/davidth/2021/05/17/feminiskar-lagakenningar/>
- Dobija D., Hryckiewicz A., Zaman M. og Pulawska K. (2021) „Critical mass and voice: Board gender diversity and financial reporting quality“, *European Management Journal* 40, 29-44. <https://doi.org/10.1016/j.emj.2021.02.005>.
- Einar Arnórsson (1911). *Dómsstólar og réttarfar*. Reykjavík.
- Erla Hulda Halldórsdóttir (2004). *Staða og þróun jafnréttismála 1997-2002*. Reykjavík: Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands. Sótt af [https://www.hi.is/sites/default/files/atli/baeklingar/jafnretti/stada\\_og\\_throun\\_jafnrettismala\\_1997-2002.pdf](https://www.hi.is/sites/default/files/atli/baeklingar/jafnretti/stada_og_throun_jafnrettismala_1997-2002.pdf)
- Føllesdal, A. (2021). „How many women judges are enough on international courts?“, *Journal of Social Philosophy* 1(23), 1-23.
- Gill, R.D., Kagan, M. og Marouf, F.E. (2015). „Chivalry, Masculinity, and the Importance of Maleness to Judicial Decision Making“, *UNLV/William S. Boyd School of Law Legal Studies Research Paper*, 1-20.
- Gryski, G.S., Main, E.C. og Dixon, W.J. (1986). „Models of state high court decision making in sex discrimination cases“, *The Journal of Politics* 1(48), 143-155.
- Hagstofa Íslands (2021). „Brautskráningar á háskólastigi og doktorsstigi eftir einstöku sviði, prófgráðu og kyni 1995-2020“. Sótt af [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag\\_\\_skolamal\\_4\\_haskolastig\\_1\\_hsProf/SKO04205b.px/?rxid=0bb6ca6a-b310-4b0e-a8d8-37784e935dde](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Samfelag/Samfelag__skolamal_4_haskolastig_1_hsProf/SKO04205b.px/?rxid=0bb6ca6a-b310-4b0e-a8d8-37784e935dde)
- Hagstofa Íslands (2021). „Háskólastig“. Sótt af <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/haskolastig/>
- Heimir Már Pétursson (2020). „Dómarakapall í Landsrétti“. *Vísir*, 2. desember. Sótt af <https://www.visir.is/g/20202044835d>
- Helgi Seljan (2015). „9 karlar - 1 kona í Hæstarétti“. *Rúv*, 24. september. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/9-karlar-1-kona-i-haestaretti>
- Hensler, D.R. (1993). „Studying Gender Bias in the Courts: Stories and Statistics“, *Stanford Law Review* 6(45), 2187-2193.
- Hrd. 19. desember 2017 í máli nr. 591/2017
- Inga Valgerður Stefánsdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir (2016). „Skiptir kyn máli og hvernig er hægt að virkja forgangsreglur jafnréttislaga við skipun dómara við Hæstarétt Íslands?“, *Þjóðarspejillinn: Ráðstefna í félagsvísindum XVII*. Sótt af <https://thjodarspejillinn.hi.is/wp-content/uploads/2019/10/Rannsoknir-2-felagsvissindum-XVII-2016.pdf>
- Ingimar Ingason (2018). „Fjöldi og samsetning félagsmanna Lögmannafélags Íslands: Félagsmönnum LMFÍ fækkar“, *Lögmannablaðið* 1(24), 8-11. Sótt af <https://lmfi.is/media/9511/logmannabladi-1tbl-2018.pdf>
- Ingimar Ingason (2019). „Enn fækkar félagsmönnum í Lögmannafélaginu“, *Lögmannablaðið* 2(25), 29-31. Sótt af <https://lmfi.is/media/9715/logmannabl2tbl-2019-juni.pdf>
- Ingimar Ingason (2021). „Fjöldi og samsetning félagsmanna Lögmannafélags Íslands“, *Lögmannablaðið* 1(27), 8-11. Sótt af <https://lmfi.is/media/9715/logmannabl2tbl-2019-juni.pdf>
- Johnson, S.W. og Songer, D.R. (2009). „Judge gender and the voting behaviour of justices on two north American Supreme Courts“, *Justice System Journal* 3(30), 265-279.
- Kanter, R.M. (1977a). *Men and Women of the Corporation*. New York: Basic Books.
- Kanter, R.M. (1977b). „Some effects of proportions on group life: Skewed sex ratios and responses to token women“, *American Journal of Sociology* 5(82), 965-990.
- Lögmannafélag Íslands (2018). *Starfsumhverfi lögmannna - áhrif fjölskylduabyrgðar: Skýrsla starfsþóps um starfsumhverfi lögmannna*. Sótt af <https://lmfi.is/lmfi/frettir/2018/01/skyrsla-um-starfsumhverfi-logmanna-og-ahrif-fjolskylduabyrgdar>
- Manning, K. og Robert, A.C. (2005). „Gender and Decision Making in the Federal Courts: Testing the Critical Mass Theory“. Fyrirlestur fluttur á fundi American Political Science Association, Washington D.C.

- Manning, K.L., Carroll, B.A. og Carp, R.A. (2004). „Does Age Matter? Judicial Decisions Making in Age Discrimination Cases“, *Social Science Quarterly* 1(85), 1-18.
- María Rún Bjarnadóttir (2020): „Þegar þær verða sjö? Hugleiðingar um konur á dómabekk í kjölfar andláts Ruth Bader Ginsburg“, *Vefrit Úlfjótis*. Sótt af <https://ulfjotur.com/2020/10/08/thegar-thaer-verda-sjo-hugleiðing-um-konur-a-domarabekk-i-kjolfar-andlats-ruth-bader-ginsburg/>
- Markús Sigurbjörnsson og Kristín Benediksdóttir (2013). *Einkamálaréttarfar* (3. útg). Reykjavík: Úlfjótur.
- Martin, E. og Pyle, B. (2004). „State high courts and divorce: The impact of judicial gender“, *University of Toledo Law Review* 36, 923-948.
- McCall, M. (2003). „Gender, judicial dissent, and issue salience: The voting behaviour of state supreme court justices in sexual harassment cases, 1980-1998“, *The Social Science Journal* 1(40), 79-97.
- McCall, M. (2007). „Structuring gender's impact: Judicial voting across criminal justice cases“, *American Politics Research* 36, 264-296.
- McCall, M. og McCall, M.A. (2007). „How far does the gender gap extend? Decision making in the state Supreme Courts in Fourth Amendment Cases“, *The Social Science Journal* 1(44), 67-82.
- Moyer, L. (2013). „Rethinking critical mass in the federal appellate courts“, *Journal of Women, Politics and Policy* 1(34), 49-71.
- Moyer, L. og Tankersley, H. (2012). „Judicial innovation and sexual harassment doctrine in the US Courts of Appeals“, *Political Research Quarterly* 4(65), 784-798.
- OECD (2019). „Gender equality in the judiciary“, *Government at a Glance*. París: OECD Publishing.
- Peresie, J.L. (2005). „Female judges matter: Gender and collegial decisionmaking in the federal appellate courts“, *Yale Law Journal* 7(114), 1759-1790.
- Phillips, J.C. og Carter, E.L. (2010). „Gender and U.S. Supreme Court Oral Argument on the Roberts Court: An Empirical Examination“, *Rutgers Law Journal* 41(3), 613-655.
- Reglur dómstólasýslunnar 14. október 2019 nr. 3/2019 um birtingu dóma og úrskurða á vefsíðu dómstólanna. Sótt af <https://www.domstolar.is/domstolasyslan/reglur/reglur-um-birtingu-doma-og-urkurda-a-vefsidu-domstolanna/>
- Scheurer, K.F. (2012). „Gender and the US Supreme Court: An Analysis of Voting Behaviour in Gender-Based Claims and Civil-Rights and Economic-Activity Cases“, *Justice System Journal* 3(33), 294-317.
- Scheurer, K.F. (2014). „Gender and Voting Decisions in the US Court of Appeals: Testing Critical Mass Theory“, *Journal of Women, Politics and Policy* 1(35), 31-54.
- Skiple, J.K., Grendstad, G., Shaffer, W.R. og Waltenburg, E.N. (2016). „Supreme Court Justices' Economic Behaviour: A Multilevel Model Analysis“, *Scandinavian Political Studies* 1(39), 73-94.
- Skúli Magnússon (2016). „Skiptir kyn hæstaréttardómara máli?“, *Þjóðarspeggillinn: Ráðstefna í félagsvísindum XVII*. Sótt af <https://thjodarspeggillinn.hi.is/wp-content/uploads/2019/10/Rannoknir-°-felagsvisindum-XVII-2016.pdf>.
- Songer, D.R. og Crews-Meyer, K.A. (2000). „Does judge gender matter? Decision making in state supreme courts“, *Social Science Quarterly* 3(81), 750-762.
- Songer, D.R. og Johnson, S.W. (2007). „Judicial decision making in the Supreme Court of Canada: Updating the personal attribute model“, *Canadian Journal of Political Science* 4(40), 911-934.
- Songer, D.R., Radieva, M. og Reid, R. (2016). „Gender Diversity in the Intermediate Appellate Courts of Canada“, *Justice System Journal* 1(37), 4-19.
- The Economist (2020). „Graphic detail: Iceland leads the way to women's equality in the workplace“, 4. mars. Sótt af <https://www.economist.com/graphic-detail/2020/03/04/iceland-leads-the-way-to-womens-equality-in-the-workplace>
- Torchia, M., Calabró A, og Huse M. (2011). „Women Directors on Corporate Boards: From Tokenism to Critical Mass“, *Journal of Business Ethics* 102, 299-317. DOI 10.1007/s10551-011-0815-z

- Umsögn dómnefndar 19. maí 2017 skv. 4. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla, sbr. ákvæði til bráðabirgða IV í lögum nr. 50/2016 um dómstóla og lög nr. 10/2017, um umsækjendur um embætti 15 dómara við Landsrétt sem auglýst var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 10. febrúar 2017. Sótt af [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Log-og-rettur/Skjol/Umsogn\\_domnefndar\\_landsrettur2017.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Log-og-rettur/Skjol/Umsogn_domnefndar_landsrettur2017.pdf)
- Valgerður Sólnes (2018). „Kæra til æðri dóms í einkamálum og sakamálum“, *Úlfjótur* 1(71), 123-152.
- Valgerður Sólnes (2021). „Hvað er dogmatísk rannsóknaraðferð í lögfræði?“, *Úlfjótur* 2(74), 291-300.
- Voeten, E. (2020). „Gender and judging: Evidence from the European Court of Human Rights“, *Journal of European Public Policy* 9(28), <https://doi.org/10.7910/DVN/YNFU8M>
- World Economic Forum (2021). *Global Gender Gap Report 2021: Insight Report*. Sótt af [http://www3.weforum.org/docs/WEF\\_GGGR\\_2021.pdf](http://www3.weforum.org/docs/WEF_GGGR_2021.pdf)
- Þorgerður Einarsdóttir (2020). „All that glitters is not gold: Shrinking and bending gender equality rankings and nation branding“, *NORA - Nordic Journal of Feminist and Gender Research* 2(28), 140-152.

